

Sælir Bjarni.

Varðar fyrirspurn í borgarráði þann 13. september sl.

Minjavernd og Reykjavíkurborg gerðu með sér samning þann 23. apríl 2014 um nokkur verkefni á sviði endurbyggingar gamalla húsa sem áhugi var fyrir varðveislu á. Samningur þessi hljóðar þann veg að Minjavernd ber ábyrgð og fjárhagslega áhættu á verkum þeim sem hann tekur til. Á móti því að báðum aðilum var ljóst að greiða þyrfti allnokkrar upphæðir með sumum þeirra, þá var tveim lóðum í vesturbæ Reykjavíkur ánaðnað til Minjaverndar. Að öðru leyti er grunnhugsun sem sé sú að Minjavernd beri ábyrgð og fjárhagslega áhættu af máli. Þannig er því varið hvað StóraSel að Holtsgötu 41b snertir. Einu útgjöld Reykjavíkurborgar utan afsal lóða sbr ofan eru að borg stendur straum af lagfæringu á aðkomu að þessu húsi og fleirum sem standa við Holtsgötu og Framnesveg, aðkomu sem er frá Ánanaustum og liggur inn að baklóðum húsa sem við þessar götur standa. Lagfæring þessi hefði komið til af hálfu borgar þótt Stórasel hefði verið rífið, þ.e. ekki hefði verið tekin ákvörðun um endurbyggingu þess, enda gagnast hann fjölda annarra húsa og borg hefur beinlínis vísað aðkomu að bílastæðum nýbygginga við Framnesveg t.d. inn þennan slóða sem er á borgarlandi. Það er hins vegar ljúft að greina frá því að kostnaðaráætlun endurbyggingar Stórasels sem tekin var saman 2017 hljóðar upp á um 75 milljónir. Hún inniheldur ekki nokkra gjaldaþætti svo sem lóðarlögun og svokallað miðbæjarálag sem Minjavernd notar iðulega í verkum sínum og tekur til kostnaðar vegna þrengsla við framkvæmdir. Jafnframt varð það svo að af hálfu Minjastofnunar var farið fram á fornleifagröft undir og í kring um húsið sem tók töluvert til sín. Af hálfu Minjaverndar hefur því verið gengið út frá auknum kostnaði við verkefnið umfram áætlun. Sá kostnaður er hins vegar alfarið Minjaverndar og kemur ekki með neinum hætti til gjalda hjá Reykjavíkurborg. Endurgerð Stórasels mun ljúka á árinu 2019 og þá verður húsið selt sem íbúðarhús.

Bestu kveðjur,

Þorsteinn Bergsson
Framkvæmdastjóri

Sími 551 1148

Gsm 892 8558

Netfang thorsteinn@minjavernd.is

Kistumelur 11 162 Reykjavík

Minjavernd

